



FUNDARGERÐ 143. FUNDAR HEILBRIGÐISNEFNDAR VESTURLANDS

Mánudaginn 22. maí 2017 kl: 16 var haldinn fundur hjá
Heilbrigðisnefnd Vesturlands á Innrimel 3, Melahverfi, Hvalfjarðarsveit.

Á fundinum voru:

Ingibjörg Valdimarsdóttir (IV), formaður
Eyþór Garðarsson (EG)
Hulda Hrönn Sigurðardóttir (HHS)
Sigrún Guðmundsdóttir (SG)
Trausti Gylfason (TG)
Ragnildur Sigurðardóttir (RS)
Brynja Þorbjörnsdóttir (BP)

Á fundinum voru auk nefndarmanna Helgi Helgason framkvæmdastjóri og Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi sem ritaði fundargerð.

1. Breyting á lögum nr. 7/1998 og innleiðing tilskipunar ESB nr. 2010/15 um losun frá iðnaði.

Umsögn HeV vegna frumvarpsins (mál nr. 376) send til nefndasviðs Alþingis.
Framkvæmdastjóri greindi frá frumvarpinu og þeim breytingum sem málið hefur tekið á síðustu vikum. Lögð fram gögn um málið, m.a. umsagnir til nefndasviðs Alþingis frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og HeV.

2. Starfskjör Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Tillaga frá formanni um að starfskjör nefndarinnar verði í samræmi við ákvörðun aðalfundar SSV sem haldinn var 27. mars s.l. (sbr. 7. liður í fundargerð aðalfundar SSV).

Tillaga:

1. *Laun stjórnar skulu nema 2.5% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Laun formanns skulu nema 5% af þingfararkaupi á hvern stjórnarfund.*
2. *Laun stjórnarmanna fyrir aðra fundi sem sóttir eru skulu nema 1.66 % af þingfararkaupi.*
3. *Stjórnarmenn skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað. Auk þess fá þeir greiddan helming af dagpeningagreiðslu (innanlands) fyrir hvern fund.*

Heilbrigðisnefnd samþykkir að leggja tillöguna fyrir næsta aðalfund Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

3. Stofnsamningur / samstarfssamningur um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

Samstarfssamningur um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands var gerður árið 1999 og fyrstu breytingar voru gerðar á samningi á aðalfundi 2008 sem snéru m.a. að kjörgengi í stjórn.
Samþykkt að endurskoða samstarfssamninginn í heild sinni og leggja fyrir næsta aðalfund.

4. Olíudreifing Litla-Sandi. Starfsleyfi fyrir meðhöndlun olíumengaðs úrgangs.

Framhald frá síðasta fundi. Umsögn Hvalfjarðarsveitar vegna auglýstra starfsleyfisdraga fyrir meðferð olíumengaðs jarðvegs barst 4. apríl s.l. þar sem lagst er gegn því að umbeðið starfsleyfi verði veitt þar sem fyrirhuguð framkvæmd sé ekki í samræmi við gildandi skipulag.

Heilbrigðisnefnd er óheimilt að gefa út starfsleyfi nema að starfsemin sé í samræmi við gildandi skipulag. Ákvörðun um útgáfu starfsleyfis frestað meðan að málið er í vinnslu.

5. Skýrsla um Matvælastofnun. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, mars 2017.

Efni skýrslunnar rætt.

Í ljósi þess að Matvælastofnun hefur fengið á sig dóma og alvarlegar athugasemdir er varða stjórnsluákvæðanir og innra starf stofnunarinnar í mörgum málum, þá furðar Heilbrigðisnefnd Vesturlands sig á tillögu skýrsluhöfunda í niðurlagi skýrslunnar um að allt matvælaeftirlit í landinu verði sameinað undir eina stofnun, þ.e MAST.

6. Sinubruni. Umsögn vegna beiðni, um leyfi til að brenna sinu og hrís á sveitabæ í Dalabyggð, send umsækjanda og Sýslumanni á Vesturlandi, sem ber ábyrgð á leyfisveitingum fyrir sinubruna.

Erindinu hafnað af hálfu HeV þar sem ekki er leyfilegt að brenna hrís.

Framkvæmdastjóri fór yfir málið og á hvaða grunni leyfi fyrir sinubruna byggja á í dag.

7. Stykkishólmur-Samþykkt um fráveitu. Drög að samþykkt um fráveitu í Stykkishólmsbæ.

Framkvæmdastjóra falið að gera athugasemdir við samþykktina í samræmi við umræður á fundinum.

8. Fráveitusamþykktir og tæmingaráætlanir rotþróa á Vesturlandi.

Rætt almennt um ástand fráveitumála í þéttbýli og dreifbýli á Vesturlandi.

Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir fráveitusamþykkt og tæmingaráætlun rotþróa allra sveitarfélaga á Vesturlandi.

9. Almennar snyrtingar við þjóðvegi – Vegagerðin.

Erindi frá Vegagerðinni, dags. 18.5'17, til heilbrigðiseftirlitssvæða landsins um tímabundna uppsetningu, frá 1. júní til 30. september, á salernisaðstöðu á 15 stöðum á landinu. Á Vesturlandi verður sett upp aðstaða við Kattarhrygg efst í Norðurárdal, Borgarbyggð og við Reykjadalssá í Miðdölum, Dalabyggð.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að veitt verði leyfi til uppsetningar á ofangreindum salernum enda verði frágangur við uppsetningu, þrif og tæmingu í samræmi við innsend gögn frá Vegagerðinni. Bent skal á að aðstaða til handþvotta skal vera við snyrtingarnar.

10. Starfsleyfi.

Brekka Matvagn ehf. Matvælavagn – færanleg starfsemi, Ólafsvík. – Nýtt

Stykkishólmur Slowly, Kaffisala Hafnargötu 4, Stykkishólmi. – Nýtt

Fjöruhúsið Hellnum, veitingar. – Endurnýjun.

Bílaverkstæði Badda, Dalbraut 2c, Akranesi – Nýtt (með fyrirvara um innsendar teikningar)

- Leyfi fyrir Heimagistingu „90 dagar“.

Asparskógur 4, Svarfhólslandi Hvalfjarðarsveit. Frístundahús.- Nýtt

Sólheimar 4, Hafnarlandi Hvalfjarðarsveit. Frístundahús. -Nýtt

Mávaklettur 2, Borgarnesi. – Íbúð. Nýtt

Böðvarsgata 23, Borgarnesi, 2 gistiherbergi. – Nýtt

Helluskógar 12, Jarðlangsstöðum, Borgarbyggð. Frístundahús – Nýtt

Skógarvegur 5, Galtarholtslandi, Borgarbyggð. Frístundahús – Nýtt

Fjárhústunga 7, Stóri –Ás, Borgarbyggð. Frístundahús. – Nýtt

Lækjarbakki 2, Arnarstapa, Snæfellsbæ. Frístundahús – Nýtt

Lækjarbakki 4, Arnarstapa, Snæfellsbæ. Frístundahús. – Nýtt

Ánastaðir, Borgarbyggð. – Íbúðarhús. – Nýtt

Arnarklettur 32, íbúð 305, Borgarnesi. Íbúð.- Nýtt

Silfurgata 15, risibúð, Stykkishólmi. 1 gistiherbergi.- Nýtt

Kiðárbotnar 48, Húsafelli. Frístundahús. – Nýtt

Garðaflöt 1a, Stykkishólmi, íbúð/raðhús. – Nýtt

Sjávarflöt 1, Stykkishólmi, íbúðarhús. – Nýtt
Dagverðarnes 123, Skorradal, frístundahús. – Nýtt
Vatnsendahlíð 2, Skorradal, frístundahús. – Nýtt
Kiðárbotnar 10, Húsafelli, frístundahús. – Nýtt
Hrísdalur, Eyja-og Miklaholtshreppur. – Nýtt
Mýrarvegur 12, Galtarholtslandi, Borgarbyggð. - Nýtt

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreind starfsleyfi

11. Brugghúsið Draugr Kalastöðum, starfsleyfisumsókn. Ný starfsemi.

Lítið brugghús, staðsett í fyrrum mjólkurhúsi á staðnum, með um 300 lítra framleiðslu á mánuði. Afgreiðslu frestað meðan frekari gagna er aflað m.a vegna gildandi skipulags.

12. Tóbakssöluleyfi. Gildir í 4 ár.

13. Olíuverslun Íslands, Esjubraut 45, Akranesi. - *Endurnýjun*
Olíuverslun Íslands, Suðurgötu 10, Akranesi.- *Endurnýjun*

Heilbrigðisnefnd staðfestir starfsleyfin.

14. Tóbakssöluundanpága vegna ungmennis. Gildir í 6 mánuði.

N1 Skútan, Akranesi.

Ábyrgðarmaður undanþágunnar hjá N1 er Íris Björg Sigurðardóttir.

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreinda undanþágu.

15. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi veitinga- og gististaða.

Miðháls 10, Litlu-Brekkuland, Borgarbyggð. Brimlák ehf. Frístundahús – Nýtt

Sandholti 45, Ólafsvík. Prentihylki ehf. Heimgisting skv. eldri rg. – Nýtt.

Kjarvalströð 3 og Kjarvalströð 5, Hellnum, Snæfellsbæ, Art Ísland ehf., 2 íbúðir – Nýtt

Grundargata 55, Grundarfirði, Sævarður slf, íbúð. – Nýtt

Skúlagata 1, Stykkishólmi, íbúð á neðri hæð. – Nýtt

Sæbólí 46, Grundarfirði, Eyrarsveit ehf, 2 íbúðir. Nýtt

Matarlist Ólafsbraut 19, Ólafsvík. Ondycz ehf, Veitingar – Nýr rekstraraðili

Eyrarskógur 38, Eyri, Hvalfjarðarsveit. Frístundahús. – Nýtt

Hótel Arnarstapi ehf. 9 smáhýsi á Arnarstapa. – Nýtt

Kaldilækur ehf, Mýrarholti 2, Ólafsvík. Veitingastaður, Kaldilækur. – Nýtt

Friðarstaðir Birkilundur 44, Sauraskógi, Helgafellssveit. - *Endurnýjun*

Efra-Nes Borgarbyggð, Efra-Nes Farm, Camp2 ehf, gisting- Nýtt

Helgugata 5, Borgarnesi. Minna gistiheimili. - Nýtt

Umsagnir vegna gististaða í byggingu, vantar lokafrágang.

Brekkuhvammur 12, Búðardal, 2 íbúðir. -Nýtt

Brekkuhvammur 1, Búðardal, gistiheimili og 3 smáhýsi. -*Breytt/nýtt*

Lundar II, Borgarbyggð, 3 smáhýsi.- Nýtt

Harbour Hostel Hafnargötu 4 Stykkishólmi. - Sjávarborg ehf, Endurnýjun – *Hafnað að óbreyttu.*

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreindar umsagnir.

16. Umsagnir til sýslumanns vegna tækisfærisleyfa.

- Hjálmaklettur í Borgarnesi. Körfuknattleiksdeild Skallagríms, dansleikur 7. apríl s.l
- Félagshéimilið Dalabúð, Búðardal. Björgunarsveitin Ósk, dansleikur 22. apríl s.l
- Faxaborg Borgarnesi, Selás ehf, dansleikur 19. apríl s.l
- Íþróttamiðstöðin Jaðarsbökkum, Akranesi. Knattspyrnufélag ÍA, konukvöld 19. apríl s.l
- Faxaborg Borgarnesi, Selás ehf. Reiðhallarball 2. júní n.k.

Lagt fram.

17. Aðrar umsagnir

- Snæfellsbær. Umsögn um breytt deiliskipulag á lóð Hótels Hellna send byggingarfulltrúa.
- Stykkishólmur. Umsögn vegna teikninga af Hótel Breiðafirði , Aðalgötu 8 í Stykkishólmi send byggingarfulltrúa.
- Snæfellsbær. Umsögn um teikningar af viðbyggingu á Gistiheimilinu Hofi, Staðarsveit send byggingarfulltrúa.
- Skorradalshreppur. Umsögn um breytingar á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Indriðastaða send skipulagsfulltrúa.
- Hvalfjarðarsveit. Umsögn um breytt deiliskipulag fyrir Hótel Hafnarfjall, úr landi Hafnar, send skipulagsfulltrúa.
- Borgarbyggð. Umsögn um deiliskipulagstillögu um frístundabúskap á Hvanneyri send umhverfis- og skipulagssviði Borgarbyggðar.

Lagt fram

18. Önnur mál

- **Vorfundur SHÍ á Breiðdalsvík , 2. og 3. maí s.l.** Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða, Umhverfisstofnun, Matvælastofnun, Umhverfis-og auðlindaráðuneyti.
Framkvæmdastjóri greindi frá fundinum sem var frábrugðinn fyrri vorfundum þar sem að starfsmenn Matvælastofnunar komust ekki á fundinn vegna veðurs.
- **Fráveita – Krókalón, Akranesi.** Svarbréf til Lögreglunnar vegna fráveitumannvirkja við Krókalón, dags.30. mars s.l.
Lagt fram.
- **Útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería .** Greinargerð starfshóps um aðgerðir til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi. Starfshópur Velferðarráðuneytis, 12. apríl 2017.
Lagt fram.
- **Málþing Sorpurðunar Vesturlands** um lífrænan úrgang á Hótel Hamri 10. maí s.l.
Framkvæmdastjóri greindi frá málþinginu og erindum sem þar voru flutt.
- **Fundagerðir símafunda framkvæmdastjóra HES frá 17. mars og 7. apríl s.l.**
Lagt fram.
- **Fundargerð aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands frá 29. mars s.l**
Lagt fram.
- **Eftirlitgjöld á atvinnulífið.** Skýrsla Félags atvinnurekanda, mars 2017.
Lagt fram.

- **Dómur Hæstaréttar í máli Gæðakokka/Kræsinga ehf gegn Matvælastofnun, mál nr. 563/2016.**
Dómur féll í málinu 18. maí s.l þar sem Hæstiréttur viðurkennir skaðabótaskyldu Matvælastofnunar gagnvart fyrirtækinu vegna tjóns sem fyrirtækið varð fyrir vegna fréttar sem birt var á heimasíðu MAST þann 27. febrúar 2013 um framleiðsluvörur Gæðakokka.

Heilbrigðisnefnd vill af þessu tilefni rifja upp bókun nefndarinnar frá 113. fundi sínum þann 15. apríl 2013:

„ **3) Matvælafyrirtæki- Vörublekking-** Gæðakokkar í Borgarnesi.

Gögn lögð fram vegna málsins.

Framkvæmdastjóri greindi frá gangi málsins og þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til gagnvart fyrirtækinu s.s. kæru vegna blekkinga.

Stjórnin hvarf kynningu MAST í fjölmiðlum í kjölfar sýnatöku af kjötvörum í matvælum og telur að ekki hafi verið gætt meðalhófsreglu vegna málsins. „

Lagt fram.

Fundi slitið kl: 17:55.

Næsti fundur áætlaður mánudaginn 31. júlí á Arnarstapa.